



# FUNDARGERÐ

243. fundur stjórnar HEF ehf. haldinn á Hótel Héraði fimmtudaginn 20. september 2018  
kl. 12:00.

Mættir eru: Gunnar Jónsson, Gunnhildur Ingvarsdóttir, Björg Björnsdóttir, Jón Steinar Garðarsson Mýrdal, Davíð Sigurðarson, varamaður og Páll Breiðfjörð Pálsson framkvæmdastjóri. Af aðalmönnum var fjarverandi Ágústa Björnsdóttir.

## Dagskrá:

1. Tillaga bæjarstjórnar Fljótsdalshéraðs um að HEF komi að lagningu ljósleiðara.
2. Skýrsla framkvæmdastjóra
3. Önnur mál.

Gunnar Jónsson stýrði fundi.

## 1. Tillaga bæjarstjórnar Fljótsdalshéraðs um að HEF komi að lagningu ljósleiðara.

*Fyrir fundinum lá bókun bæjarstjórnar Fljótsdalshéraðs frá fundi nr. 437.*

Framkvæmdastjóra falið að taka saman frekari gögn í samræmi við umræður á fundinum og boða hið fyrsta til annars fundar.  
Samþykkt samhljóða.

## 2. Skýrsla framkvæmdastjóra.

- a) Framkvæmda- og fjárhagsáætlun næsta árs er í vinnslu.
- b) Vatnsveita á Iðavöllum: Vinna er í fullum gangi.
- c) Fyrsti áfangi við Vök Baths gengur vel og hönnun annars áfanga er í vinnslu.
- d) Endurnýja þarf vatnsdælubúnað á Eiðum.
- e) Sýni var tekið úr kalda vatninu á Hallormsstað, það kom ekki nægjanlega vel út og voru gerðar viðeigandi ráðstafanir.
- f) Bilun var í dælu 3 við Köldukvísl og verður skipt um hana á næstu dögum.
- g) Taka þarf niður gamlar hitaveitupípur frá Urriðavatni niður að kyndistöð. Lægsta tilboð í verkið upp á tæpar 2 milljónir átti Ylur og var því tekið.

## 3. Önnur mál.

Engin önnur mál.

Fundargerðin upplestin, samþykkt og fundi slitið kl. 14:14.

Fundargerð ritaði Gunnhildur Ingvarsdóttir.